

Reykjanesbær  
b.t. bæjarstjórnar  
Grænásbraut 910  
262 Reykjanesbæ

Reykjavík 23. september 2025

**Efni: Beiðni um samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar – breytingar á réttindaákvæðum Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar**

Meðfylgjandi eru breyttar samþykktir Brúar lífeyrissjóðs sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins á fundi hennar 22. september sl. ásamt minnisblaði til skýringar á þeim breytingum sem gerðar hafa verið á samþykktunum. Breytingarnar eru aðallega tilkomnar vegna sameiningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarkaupstaðar (LSA) við Brú lífeyrissjóðs en LSA verður starfræktur í sérstakri deild, sem ber heitið E-deild.

Bréf þetta er þó sent bæjarstjórn Reykjanesbæjar til þess að afla samþykkis fyrir breytingum á ákvæðum 10.2. gr. og 18.2. gr. í viðauka 6 sem tekur til réttindaákvæða úr samþykktum Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar. Lagt er til að ofangreindum ákvæðum verði breytt til samræmis við sambærileg ákvæði stigadeilda/ B-deilda R-deildar og E-deildar og lagt til að viðmið eingreiðslu verði hækkað upp að þriggja stiga réttindum.

Stigaréttindi rétt undir einu stigi reiknast í mánaðarlega fjárhæð lífeyris um 2500 kr. Eingreiðsla slíkra réttinda reiknast rúmlega 400.000 kr. fyrir skatt. Stigaréttindi rétt undir þremur stigum reiknast í mánaðarlega fjárhæð lífeyris rúmlega 7.000 kr. Eingreiðsla slíkra réttinda reiknast rúmlega 1.000.000 kr. fyrir skatt.

Rétt er að taka sérstaklega fram að sjóðfélagi getur ávallt óskað eftir mánaðarlegum greiðslum, enda eingöngu um heimildarákvæði lífeyrissjóðsins að ræða.

Þess er óskað að bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykki breytingarnar sem allra fyrst og sendi staðfestingu um samþykki sitt til sjóðsins.

F.h. Brúar lífeyrissjóðs

Þóra Jónsdóttir  
Sviðstjóri réttinda- og lögræðisviðs